


STOFNANASAMNINGUR

Fangelsismálastofnun ríkisins (FMS)
og
SFR stéttarfélag í almannaþjónustu

gera með sér svofellt stofnanasamkomulag um forsendur og reglur um röðun starfaflokka fangavarða við fangelsi ríkisins samkvæmt ákvæðum í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs 9. mars 2005 með síðari breytingum.

Four handwritten signatures in blue ink are located at the bottom right of the page. From left to right, they appear to be: a stylized signature, a signature that looks like 'JAJ', a signature that looks like 'EFA', and a signature that looks like 'PW'.

1. grein Inngangur

Kjarasamningur SFR er tvíþættur. Annars vegar er miðlægur kjarasamningur sem fjallar um rétt til orlofs, hækkanir á launatöflu, hvernig yfirvinnukaup er reiknað út, matar- og kaffitímar o.fl. Hins vegar er stofnanasamningur sem fjallar um grunnröðun starfa og viðbótarforsendur eins og starfsreynslu, símenntun o.fl.

2. grein Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra fangavarða í SFR er starfa í fangelsum ríkisins hverju sinni. Fangavörður á við alla sem starfa við fangavörslu í fangelsum án tillits til stöðuheitis.

3. grein Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með þessum stofnanasamningi.

- a. Að styrkja fagmennsku í starfi starfsmanna fangelsa til að mæta auknum kröfum sem gerðar eru til þeirra samkvæmt lögum um fullnustu refsinga, Evrópskum fangelsisreglum og reglugerð um menntun fangavarða. Í því felst meðal annars að starfsfólk fangelsa ber ekki aðeins ábyrgð á gæslu fanga heldur einnig á aðgæslu og mannlegum samskiptum sem lið í undirbúningi að því að fangi megi lifa án afbrota eftir að fangavist lýkur.
- b. Að launakerfið endurspegli breyttar áherslur samkvæmt a. lið og auknar menntunarkröfur sem gerðar eru til starfsfólks fangelsa.
- c. Að launakerfið sé til þess fallið að laða að hæfileikaríkt fólk til að sinna því vandasama en þýðingarmikla starfi sem unnið er í fangelsum.
- d. Að launakerfið sé sveigjanlegt og að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum og gagnsægjum hætti.
- e. Að auka möguleika fangavarða á flutningi milli starfaflokka og að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til áhrifa á framgang í starfi.
- f. Að tekið sé tillit til jafnréttis- og fjölskyldusjónarmiða.

4. grein Skilgreining starfaflokka

Launakerfi fangavarða byggist á eftirfarandi starfaflokkum.

- a. Fangavörður I: Afleysingamenn og aðrir fangaverðir sem settir eru tímabundið til fangavarðastarfa. Almenn störf sem að jafnaði eru unnin undir stjórn annarra.
- b. Fangavörður II: Fangaverðir sem lokið hafa prófi frá Fangavarðaskóla eða hafa starfað sem fangavörður I í 6 mánuði. Hann annast öll almenn störf á sviði fangavörslu undir stjórn annarra. Í starfinu getur falist umsjón verkefna sem og verkstjórn. Þarf að geta veitt fullnægjandi leiðbeiningar til skjólstæðinga stofnunar og starfsmanna.
- c. Aðstoðarvarðstjóri: Starfið felst í umsjón ákveðinna verkefna sjálfstætt og/eða undir stjórn annarra. Ber ábyrgð á vakt í fjarveru varðstjóra. Þarf að geta veitt fullnægjandi leiðbeiningar til skjólstæðinga stofnunar og starfsmanna.
- d. Varðstjóri: Starfið felst í stjórn vaktar og felur fyrst og fremst í sér að skipuleggja, stjórna og samhæfa störf. Þarf að geta veitt fullnægjandi leiðbeiningar til skjólstæðinga stofnunar og starfsmanna.

e. Deildarstjóri: Ber ábyrgð á deild. Starfið felst fyrst og fremst í að skipuleggja, stjórna eða hafa umsjón með verkefnum og/eða málaflokkum. Þarf að geta veitt fullnægjandi leiðbeiningar til skjólstæðinga stofnunar og starfsmanna. Í starfinu getur falist að koma fram fyrir hönd stofnunar.

5. grein

Röðun í launaflokka

Eftirfarandi launaflokkar skulu vera grunnröðun fyrir hvern starfaflokk:

Starfaflokkar	Frá 1. júní 2017
<u>Fangavörður I</u>	<u>7</u>
<u>Fangavörður II</u>	<u>9</u>
<u>Aðstoðarvarðstjóri</u>	<u>12</u>
<u>Varðstjóri</u>	<u>15</u>
<u>Deildarstjóri</u>	<u>16</u>

6. grein

Starfsreynsla

Fangavörður sem hefur öðlast starfsreynslu við fangavörslu skal hækka um launaflokk/þrep sem hér segir:

- Fangavörður skal aldrei vera lengur en 6 mánuði í launaflokki 7. Að loknum 6 mánuðum í starfi skal fangavörður I taka laun sem fangavörður II.
- Fangavörður II skal hækka um eitt launþrep eftir að hafa starfað sem slíkur í fangelsum ríkisins í tvö ár og annað launþrep eftir að hafa starfað sem slíkur í fimm ár.
- Fangaverðir í öllum starfaflokkum skulu hækka um 1 launþrep eftir að hafa starfað í sex ár og og annað launþrep eftir níu ár.

7. grein

Endurmenntun

Fangavörður tekur á starfsferli sínum virkan þátt í áætlun um endurmenntun sem viðurkennd er af samningsaðilum.

- Endurmenntun getur verið allt að 20 tímar á ári hverju og skulu fangaverðir taka helming í eigin tíma. Á það einnig við viðurkennda endurmenntun sem sótt er utan endurmenntunaráætlunar FMS og nýtist í starfi. Samstarfsnefnd sker úr um, ef til ágreinings kemur, hvort endurmenntun nýtist í starfi eða ekki.
- Fangavörður II, aðstoðarvarðstjóri, varðstjóri eða deildarstjóri, sem hefur sinnt endurmenntun samkvæmt áætlun skal hækka um 1 launaflokk eftir að hafa starfað sem slíkur í fangelsum ríkisins í tvö ár eftir lok Fangavarðaskólans, 1 launaflokk eftir fimm ár og 1 eftir sjö ár.
- Hækkun vegna endurmenntunar skal ekki nema fleiri en 3 launaflokkum. Ef endurmenntunarnámskeið eru ekki haldin fá þessir aðilar engu að síður þessa launaflokka á umsömdum tíma.
- Fangavörðum sem ekki hefur verið boðið að sækja nám við Fangavarðaskólann innan 3 ára frá upphafi ráðningar/setningar í fullt starf skulu fá launahækkanir samanber lið b.

8. grein

Mat á menntun

Fangavörður skal hækka um launaflokka vegna menntunar sem hér segir:

- a. Fangavörður með sveinspróf skal hækka um 1 launaflokk.
- b. Fangavörður með meistararéttindi skal hækka um 1 launaflokk.
- c. Fangavörður með stúdentspróf skal hækka um 2 launaflokka.

Samanlögð hækking vegna menntunar skal ekki nema fleiri en 2 launaflokkum þótt fangavörður sé bæði með sveinspróf/meistararéttindi og stúdentspróf. Þá er heimilt að hækka framangreinda aðila um 1 eða 2 launaflokka vegna annarrar sambærilegrar menntunar heldur en stúdentsprófs eða iðnmenntunar, sem nýtist í starfi.

9. grein

Einstaklings- og tímabundnir þættir

Heimilt er að hækka um launaprep ef hann eða starfið uppfylla einhverjar af neðangreindum forsendum:

- a. Viðbótarmenntun sem starfsmaður aflar sér sjálfur, sem nýtist í starfi og hefur ekki verið metin skv. 8. gr. Menntunin felst í 250 klukkustunda námi eða háskólanámi eða sambærilegri menntun sem lýkur með prófi.
- b. Viðbótarábyrgð og/eða álag vegna sérstakra verkefna.
- c. Sérstök starfsreynsla sem nýtist í störfum hjá stofnuninni.
- d. Frumkvæði og hæfni í starfi.

Hækkun vegna ofangreindra þátta getur ekki numið meira en 2 launaprepum.

Þegar tímabundnar hækkanir eru gerðar skal gera um slíkt skriflegan sérstakan samning.

10. grein

Sérgreind störf

- a. Fangavörður sem starfar í öryggisveit, skal hækka um 1 launaprep á meðan hann sinnir slíku starfi.
- b. Fangavörður I og II sem starfar sem verkstjóri við vinnu fanga skal hækka um 2 launaprep á meðan hann sinnir slíku starfi.
- c. Fangavörður I og II sem starfar við flutninga skal hækka um 1 launaprep á meðan hann sinnir slíku starfi.

11. grein


Jöfnun aukavinnu

Haldin skal skrá yfir þá aukavinnu sem unnin er og leitast skal við að hún skiptist sem jafnast milli fangavarða. Skal aukavinnuskrá vera uppfærð mánaðarlega miðað við launauppgjör. Frá 16. til 15. hvers mánaðar.

12. grein

Símakostnaður

Varðstjórar og deildarstjórar skulu fá greitt mánaðarlega fast afnotagjald síma kr. 2490 enda hafi þeir ekki farsíma fangelsis til afnota.



13. grein

Fangavarðaskóli

Fangaverðir, sem stunda nám í Fangavarðaskóla ríkisins eða sækja fræðslu eða þjálfunarnámskeið að beiðni forstöðumanns fangelsis, skulu halda föstum launum og vaktaálagi.

Fangaverðir við Fangelsin Akureyri og Kviabryggju skulu fá greiddan ferðakostnað til og frá heimili sínu við upphaf og lok námstímabils auk einnar slíkrar ferðar á síðari önn Fangavarðaskólans. Þeir skulu enn fremur fá greiddan hæfilegan dvalarkostnað samkvæmt mati nefndar, sbr. kafla 5.7 í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra frá 9. mars 2005.

Ferðakostnaður fangavarða á Litla-Hrauni vegna náms á höfuðborgarsvæði greiðist af fangelsi. Ákvæði um ferða- og dvalarkostnað eiga ekki við um námskeið sem haldin eru skv. 7. grein.

14. grein

Vaktavinna

Fangaverðir í öllum starfaflokkum sem vinna vaktavinnu skulu undanþegnir næturvaktaskyldu þegar þeir hafa náð 55 ára aldri. Notkun heimildar samkvæmt þessari grein hefur ekki í för með sér lækkun á launaflokki viðkomandi starfsmanns.

15 grein

Starfsmannasamtöl

Regluleg og kerfisbundin starfsmannasamtöl starfsmanna og næsta yfirmanns skulu fara fram einu sinni á ári. Í þeim samtölum skal fyrst og fremst rætt um starf og starfsþróun, frammistöðu og hæfni starfsmanns, afköst og vinnuástöðu, líðan í starfi o.fl. Starfsmannasamtöl eru ekki launaviðtöl.

Starfslýsingar skulu endurskoðaðar við allar varanlegar breytingar á verksviði/starfi starfsmanna svo og vegna skipulagsbreytinga eða starfsþróunar og skulu uppfærðar þá þegar.

16. grein

Launaviðtal

Starfsmaður getur óskað eftir launaviðtali einu sinni á ári. Í því viðtali gefst kostur á að fara yfir launakjör og endurmat þátta sem áhrif til hækunar á röðun starfsmanns í launatöflu. Launaviðtal skal fara fram eigi síðar en tveimur vikum eftir að ósk um það hefur komið fram og skal úrvinnsla þess og niðurstaða liggja fyrir og kynnt starfsmanni innan fjögurra vikna frá því launaviðtal fór fram.

17. grein

Þrekpróf

Samkvæmt samkomulagi SFR, FVFI og FMS síðan 2012 eiga allir starfandi fangaverðir II, aðst. varðstjórar, varðstjórar og deildarstjórar rétt á að þreyta þrekprófið sem gildir í eitt ár í senn. Þrekprófið skal haldið á tímabilinu mars til maí ár hvert. Þrekpróf veitir rétt á þrekálagi í eitt ár. Þrekpróf skulu tekinn undir umsjón viðurkennds prófdómara. Sjá nánar um útfærslu þrekprófs og framkvæmd í samningi um þrekpróf.

18. grein

Endurskoðun og samstarfsnefnd

Samkvæmt ákvæðum kjarasamnings skal samstarfsnefnd hafa m.a. það hlutverk að fjalla um forsendur starfaflokkunar, röðun einstakra starfa í launaflokka og koma á sáttum í ágreiningsmálum sem rísa kunna út af samningi þessum. Heimilt er hvorum aðila um sig, stofnun eða fulltrúum stéttarfélags að óska endurskoðunar stofnanasamnings verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans. Samkvæmt ákvæðum í 11.kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra skal endurskoðun á þessu samkomulagi vera eigi sjaldnar en annað hvert ár.


19. grein

Gildistími


Samningur þessi gildir frá og með 1. júní 2017. Frá þeim tíma tekur gildi ný launatafla samkvæmt kjarasamningi SFR við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóð og taka ákvæði samnings þessa mið af því.

Reykjavík, 15 júní 2017

f.h. Fangelsismálastofnunar ríkisins


Jóhanna Wíthá
Jahab Magrún

f.h. SFR



Einar Arnar
Jónfríður Jónsson
Guðlaug Svansson

Bókun 1


Aðilar eru sammála um að vinna áfram í samræmi við niðurstöðu skýrslu nefndar um menntun fangavarda og athugun á aldursamsetningu þeirra með hliðsjón af endurnýjun stéttarinnar, frá 15. júní 2005 en þar segir m.a. "Aldursmörk fangavarda til eftirlauna verði færð til 65 ára aldurs."

Reykjavík, 15 júní 2017

f.h. Fangelsismálastofnunar ríkisins


Jóhanna Wíthá
Jahab Magrún

f.h. SFR



Einar Arnar
Jónfríður Jónsson
Guðlaug Svansson

Bókun 2


Aðilar eru sammála um að taka til endurskoðunar liði 5, 7, 8 og 13 þegar samstarfsnefnd um framtíð Fangavardarskólans hefur skilað af sér niðurstöðum um málefni skólans og í hvaða farveg hann mun fara í náinni framtíð.

Reykjavík, 15 júní 2017

f.h. Fangelsismálastofnunar ríkisins


Jóhanna Wíthá
Jahab Magrún

f.h. SFR


Einar Arnar
Jónfríður Jónsson
Guðlaug Svansson

Fylgiskjal með stofnanasamningi, dags. 15 júní 2017

Reglur um launalaus leyfi fangavarða.

1. gr.

Fangaverðir sem skipaðir hafa verið geta sótt um launalaust leyfi samkvæmt reglum þessum til Fangelsismálastofnunar. Umsókn skal senda forstöðumanni viðkomandi fangelsis sem framsendir hana stofnuninni ásamt tillögum sínum. Umsókn skal berast með minnst fjögurra mánaða fyrirvara.

2. gr.

Fangavörður sem starfað hefur samfelld við fangavörslu í 10 ár á kost á launalaus leyfi í allt að 12 mánuði samfelld. Slíkt leyfi skal ekki vera styttra en 3 mánuðir og má veita eftirleiðis á 10 ára fresti.

3. gr.

Launalaust leyfi í allt að 6 mánuði skal að jafnaði aðeins veita utan sumarorlofstíma en þó er heimilt að tengja það upphafi eða lokum sumarorlofs sem tekið er við byrjun eða lok orlofstímabils.

4. gr.

Heimilt er að veita fangaverði launalaust leyfi þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. þegar til þess liggja ríkar ástæður sem starfsmanni ber að tilgreina með fullnægjandi gögnum.

Þær ástæður sem helst koma til álita eru; leyfi til náms sem nýtist í starfi, framlenging á fæðingarorlofi, sérstakar fjölskylduástæður eða aðrar sambærilegar ástæður.

5. gr.

Almennt skal aðeins einn fangavörður í hverju fangelsi vera í launalaus leyfi í senn og aldrei fleiri en tveir samtímis.

Ef takmarka þarf fjölda þeirra sem fá launalaust leyfi á sama tíma skulu þeir ganga fyrir sem ekki hafa áður fengið launalaust leyfi.

6. gr.

Reglur þessar rýra ekki áunninn eða umsamin rétt fangavarða sem þeir eiga á grundvelli kjarasamninga.

7. gr.

Starfsmaður ávinnur sér ekki orlofsrétt í launalaus leyfi.

8. gr.

Reglur þessar eru settar af Fangelsismálastofnun ríkisins og öðlast þegar gildi.

Fangelsismálastofnun ríkisins 11. maí 2007

Valtýr Sigurðsson

